

Langanesbyggð  
Gunnólfur Lárusson,  
sveitarstjóri  
Fjarðarvegi 3  
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. apríl 2013  
Tilvísun: UST20130200254/ksj

### **Skipulags- og matslýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði við Bakkafjörð.**

Vísað er til erindis Gunnólfs Lárussonar sveitarstjóra Langanesbyggðar er barst 28. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði við Bakkafjörð.

Langanesbyggð gerir ráð fyrir að á deiliskipulagssvæðinu verði áframhaldandi rekstur urðunar-, námu- og geymslusvæðis, þ.m.t. að urða áfram allt að 200 tonn af blönduðum heimilisúrgangi á ári á svæðinu. Í greinargerð lýsingar kemur fram að áætlun er um að urðunarsvæðið dugi til 2028 og áætlað heildarmagn urðaðs úrgangs gæti orðið allt að 3200 tonn á tímabilinu. Í greinargerð kemur fram að vinnan við gerð skipulagstillögunnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu og gildistöku aðalskipulags Langanesbyggðar 2007 – 2027. Umhverfisstofnun tekur undir það og ítrekar að það er forsenda fyrir starfsleyfi að það sé í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

#### **Staðhættir**

Áætlað er að deiliskipuleggja 3,75 ha svæði norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði. Þar af er urðunarsvæðið 1,18 ha og frágengið urðunarsvæði 0,18 ha. Fram kemur í greinargerð að fjarlægð urðunarstaðarins frá þéttbýlinu er um 550 m.

#### **Efnistaka**

Malarnáma á svæðinu er deiliskipulagstillagan nær yfir hefur verið í notkun í um 20 ár. Áætlað er að hægt sé að nýta alls 20 – 14 þúsund rúmmetra frá námunni og gæti svæðið dugað í a.m.k. 20 ár.

Í umsjöllun um forsendur og viðfangsefni skipulagsins kemur fram að gerð verði grein fyrir staðsetningu og afmörkun urðunar-, námu- og geymslusvæðis og sett fram tillaga um afmörkun, aðkomu, og umferð innan þess. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun